

# LÖG

## um breytingar á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

4. gr. laganna, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 47/1990, orðast svo:

4.1. Umhverfissráðuneytið fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

4.2. Landlæknir er ráðgjafi ráðherra og ríkisstjórnar um allt er að hollustuháttum og heilbrigðiseftirliti lýtur.

#### 2. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðisráðherra að því er varðar 2. gr. og umhverfissráðherra að því er varðar 3. gr. staðfesta“ í 3. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 47/1990, kemur: umhverfissráðherra staðfestir.

#### 3. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra vegna 2. gr. og umhverfissráðherra vegna 3. gr.“ í 3. másl. 2. mgr. 4. gr. a, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1993, kemur: umhverfissráðherra.

#### 4. gr.

5. mgr. 13. gr. orðast svo:

13.5. Stofnunin er til ráðuneytis yfirstjórn umhverfismála, heilbrigðismála, heilbrigðisnefndum og öðrum sem með opinbert heilbrigðiseftirlit fara.

#### 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1994.

*Gjört í Reykjavík, 28. apríl 1994.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Davíð Oddsson.*